

---

**2012 nr. 48 18. júní****Lög um heimild til handa ráðherra f.h.  
ríkissjóðs til að fjármagna gerð jarðganga  
undir Vaðlaheiði**

Tóku gildi 20. júní 2012. Breytt með: L. 62/2017 (tóku gildi 22. júní 2017).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

- Í þeim tilgangi að tengja Eyjafjörð og Fnjóskadal með jarðgöngum um Vaðlaheiði er ráðherra f.h. ríkissjóðs heimilt að undirrita láanasamning við Vaðlaheiðargöng hf. um lán til gangaframkvæmda fyrir allt að [14.400 m.kr.],<sup>1)</sup> miðað við

verðlag í lok árs [2016].<sup>1)</sup>

- Félagið sjálf ft, eignir þess og tekjustreymi skulu vera fullnægjandi tryggingar fyrir láni skv. 1. mgr.
- Lánsfjárhæð skal greiðast félaginu í samræmi við framvindu verks og í samræmi við láanasamning skv. 1. mgr.
- Gera skal grein fyrir lánsfjárhæð hvers árs í frumvarpi til fjárlaga fyrir það ár.

<sup>1)</sup> L. 62/2017, 1. gr.

**■ 2. gr.**

- Lög nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, skulu gilda varðandi lán samkvæmt lögum þessum að undanskildum ákvæðum 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. laganna.

**■ 3. gr.**

- Lög þessi öðlast þegar gildi.